

Vel launuð vinna.

Vér viljum fá 10 Íslendinga í heimlega innanhúss vinnu. Kaup \$25-\$50 á viku, í bænum eða í sveitaborgum. Enga æfingu, en vilja og ástundun að nema rakaraíð. — Staða ábyrgt og öll áhöld gefins. Skrifstíð eða talið við Hemphill Barber College, 580 Main St., Winnipeg.

Heimskringla.

PROVINCIAL
LIBRARY

Staða fyrir 15 Íslendinga

Vér höfum stöður fyrir nokkra menn, er nema vilja að fara með og gera við bíla, batteri o. s. frv. Viðgangsmesti iðnaður í veröldinni. — Kaup strax. Baklingur ókeypis. — Skrifstíð eða talið við Hemphill Trade Schools, 580 Main, Street, Winnipeg.

XL. ARGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA, MIDVIKUDAGINN, 22. DESEMBER, 1925.

NÖMER 12

Salmagundi.

Eftir L. F.

Nyti eg þess álits að hafa áhyrn alþjóðar, þá higgur mér við að halda að eg geti ekki verið því til annars betur en að hvetja hvern hugsandi mann til þess að lesa endurnýningar leiðtoga og ófriðnum mikla, þær er prentaðar hafa verið. Þær eru fróðlegri en svo, að því taki, að nefna í sömu andrænni kenslubækurnar í mannkyssögu, sem ritaðar eru frá þjóðrænni sjónarmiði, og dýla meira en þær opinbera, þótt þær fari að eins með sannleik. Leiðtoga-arnir í stjórnmálum og hermensku, sem að þessu hafa létt af sér "endurnýningum", eru hressilega opin-skáir. Margir þeirra hafa þurft að "ná sér niðri" og átt einhverjir í hefna (ímyndað eða veruleg). Í þessum skilríkum draga þeir í ljós hinar sönnu orsakir (er þeir reyna að flytja mál sitt) sem breitt er yfir í kenslubókunum, hinar raunverulegu ástæður, fyrir hinum og þessum leik, mótsögn við það sem staðhæft hefir verið; því að uppruna og framþróun stríðisins voru öfl og verki sem mjög lítið bar á, en sem þó höfðu afskapleg áhrif á alla við-burði.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um þessi dularófi, sérstaklega að því er viðvikur upptökum ófriðarinnar.

Öft er þeirri skoðun haldið að oss, að nú sé ófriðurinn um garð genginn; tilheyrir líðinni tíð, ekkert sé fengið með því að hugsa um öll þau hryðjuverk, heldur snúa hugsum vorri og umhyggju allri að framtíðinni. Eg get ekki verið á sama máli. Framtíðin er barn nútíðar og fortíðar og hugsanir og athafnir vorar í dag marka brautina, sem komandi þessara blóðsúthellinga; að það getur verið gerlegt að "gleyma því líðna", þegar menn eru til hugsana um framtíðarstöðu sína til fornra fjandmanna; en fortíðin getur valdið oss megnu hugarangri, ef hendingin opinberar oss hvernig syndir febra vorra hafa koma niður á oss, og hvernig vorar eigin syndir geta sleið fólkva á æfiskíð óborinna kynslóða.

Að einu leyti hreyfði sér þægileg tilfinning hjá oss á ófriðarárunum; að vér stæðum fylktu líði gegn herskórum myrkanna; að vér værum saklausir þessara blóðsúthellinga; að að vér berðumst að hatti "síðaðra" manna, og að Réttur og Lögmál væri algjörlega vor megin. Vér gátum komist í lofsamlegan ofsa yfir ódregskap fjandmannanna, sem áttu það eitt skilið, að vér ynnum þeim sem mestan skaða að hugsast gat. Því miður er tæplega um aðra aðferð að ræða á styrjaldartímum. En þegar vopnahlé er komið, þá ætti að vera leyfilegt og æskilegt, (allir verða á sama hnetti að hýrast) að fornir féndur reyndu að átta sig, svo að þolanleg afskipti gætu tekið á ný. Kosturinn við nefndar friðarminningar er að mestu falinn í því, að þær er opinskátt og af sanngirni sökin lög þar sem hún á heima, og vor eigin sök og ófullkomleikar leiddir í ljós. Vér hörfumst þar í augu við heilbrigðar staðreyndir, en þó ónáðissamar. Í ljósi þeirra, mættum vér vel spyrja sjálfa oss að því, hvern þátt vér hefðum átt í orsökum þessa ófriðar, er kostaði líf margra milljóna og heilsu enn fleiri, auk annara. hörmunga, sem heiminum af honum stafar um ókoma áratugi.

Þrem árum fyrir stríðið, sumaríð 1911, áttu ýmsir meðlimir ráðuneytisins brekka langan leyntíund með sér á höfuðbóli einu úti í sveit, skammt frá London, (sjá Churchill í "The World Crisis"). Þar skýrðu

sérfræðingar í sjó- og landhernum fyrir þeim, hver rás ófriðarinnar yrði, á sjó og landi. A stórum og nákvæmum landkortum og uppráttum rökta þeir viðburðarás fyrstu herferðanna, er úrslitum áttu að ræða. Þeir sýndu hvernig þýzki herinn mundi fara yfir Belgíu; hvað lengi þeir yrðu að því; hvar fylkingar myndu síga saman á gefnum dögum frá ófriðarbyrjun, og hvar og hvernig fyrsta mótaðan myndi verða. Fyrirsagnir þeirra rættust því nær nákvæmlega, svo munaði að eins fáum dögum og mílum. Þeir vissu allir hvað í vændum var var. Arum saman hafði flotaræðið ræðað niður mönnum og skipum. "Þegar árið 1912 vorum vér farnir að sjá fram á nýja aðferð til að lesa höfnum þjóðverja, með háffærum kaftáttum, sem ekki er lengur hægt að framkvæma með spillisnekkjum (destroyers) eða ofansjárarskipum," segir Churchill, sem þá var flotamálarráðgjafi. Það er ekki lengur mögulegt að staðhæfa, að eitt stórveldið hafi velt sér yfir grunnlausu og óvibúna nágranna. Sagðan sannar hið gagnsteða. Öll stórveldi Norðurlöndanna stóðu vig-búin og bjuggust við ófriði um það leyti sem hann skall á. Hann var óhjákvæmilegur, þegar svona var í pottinn búið. A því einu getur leikið vafi, hvert stórveldið var gerast til ófriðarinnar. Vér vitum skýlaust, að hervélin þýzka æski hans, knúði sitt fram, gegn mótmælum keisarans og Bethmann-Hollweg kanzlara (Grey lávarður, fyrverandi utanríkisráðgjafi) leysir þá af allri ófriðarsöku. Ennfremur vitum vér að ófriðarsökinn (casus belli) var meiri, en sprengikúluvarp sjálfræðs serbnesks stúdents. Eri-lingi Austurríkis og frá hans voru myrt að tilhlutun serbneskra stjórnarvalda (þetta er opinbert) og senni-lega með vitund og samþykki rússnesku stjórnafrinnar. Vér vitum nú, að Rússar vigbjuggust, gegn þjóðverjum nokkrum dögum á undan þeim, og að Frakkar neituðu að vera hlutlausir, ef til vopnaskifta kæmi milli þjóðverja og Rússa, er þjóðverjar—mæltust til þess. Ymislegt, er vér nú erum visari um, bendir óneitanlega til þess, að ófriðnum væri viljandi hrundið í áttina af Rússum og Frökkum, í þeirri trú að þetta væri hentugur tími. Ófriður við Frakka var því óhjákvæmilegur, er Rússar voru ákveðnir, og þjóð-verjar förpuðu hersveitum sínum gegn Frökkum. Franskir sagna-ritarar jata nú, að ef þjóðverjar hefðu ekki farið að þeim Belgíuleiðina, þá hefðu þeir sjálfir ráðist þá leið að þjóðverjum.

Það verður æ ljósara er tímar líða, að ófriðurinn er ekki skyndi-gos þjóðernistilfinninga, heldur gerður af yfirflögu ráði, að náð betri aðstöðu í valdskákinni. Vér sjáum það á háttirni smærri ríkjanna — Tyrklands, Búlgaríu, Ítalíu, Rúmeníu — rángráðugra, og hikaandi hverju megin sé sigurveglegra að vera. Þar eru samandregin til-drög ófriðarinnar. Það lá fremur lítill af háleitum meginreglum til grundvallar fyrir þáttöku þeirra í ófriðnum. Þau voru að eins gjaldfól. (sbr. Ljundúnasamninginn) vildu fá "sinn hlut í skut," þegar hinn sigraði væri sundurlímaður. Það getur skeð að ófriður hafi verið óhjákvæmilegur, með þessu fyrir-komulagi, — að verjast ófriði með vigbúnaði. En er ekki tími kominn til að láta af þessum glamurýrdum um Allsherjarlögmál og Réttvísi? Vera má að óbreyttir líðsmenn beggja megin hafi haldið að þær væri um allsherjar lögmál barist. En í raun rétti var ófriðurinn ekkert annað en metnaðarbarátta, jafn fyr-iríttleg og fánýt. Og frá óháðu sjónarmiði, voru báðir aðilar jafn-sekír.

Til Jólanna.

Líður stjarna um lönd og sæ sem ljós frá barna tungum; Lágt und hjarni lítið fræ Lifir í kjarna ungum.

Þó vetur faldi frosti skjótt, Fellur valdsins dómur; Græðir kalda næðings nótt Nítján alda hljómur.

Lýsast storð og loftin blá, Lagt er borðið rósum; Kærleiksróðin Kristi frá Kvika á norðurljósum.

Hugann dreymir öld og ár, Þó öldin gleymi dádum; Tíminn geymir gleði og tár, Guð á heima í báðum.

S. E. Björnsson.

Upprunalega er ófriður að eins áhlaup ýmsra kynflokka hvor á annan til gríðeilda. Síðar var þessu skipulagi beitt í stærri stíl; þá fóru ríkin í hernað til hernáms.

Síðan hófust margra alda trúar-bragðstríð, blóðugri og miskunnar-lausari en verstu hernámsstríðin. Nú á tímum er barist um viðskifta-þenslu, en hún er ávöxtur sam-keppinnar.

Er þá ófriður sjálfsgöð afleiðing þess stígs áfömnunar, sem vér er-um nú á. Það er alment álit. Heimspekingar semja lærðar rollur, hvort aukið sé að finna hið "sjö-ferðislega jafngildi" er beita þurfi hans stað. Hvorki eru kirkjur né skólar friðarfrómuðir. Kirkjan mætur augum til himins og styður afskiftalaus sérhvern valdhafa. Skólarnir ljómfræga afreksverk þjóð-herja sinna, og innræta ótta og hat-ur gegn framtíðinni. Þeir bryna til hinnar mjög vafasömu dygðar, þjóðrænnistóltsins. Tilfinningunni fyrir meirihlutaalínu er haldið lífandi með "Cadet"- og skata-sveitunum. Yms félög og þröng-sýnir fördildarmenn brjóstnæra fana-dyrkunnina umhyggjusafla og þeim mönnum er alþjóðlegt viðhorf landráð. Nærseitarviðhorfið er alstáðar brýnt fyrir mönnum, að sé sammerkt borgaralegu velsæmi. Þegar best er, er nágranninn keppinautur og mögulegur fjandmaður.

En þessa von ber eg um framtíðina, að þjóðdómur lærist, að baráttu er skaðvænleg. Locarno samningurinn er þvillast vinnisburður um vilja til þess að forðast deilur, og jafning um fánýti þeirra. Nú er eftir að finna ráð til þess að lögleiða ríkisrétt til eignarnáms einstaklinga á ófriðartímum, eins og lagt er hald á líf manna. Væri engin von um einstaklingsgröða, myndu ófriðar-skrir sjaldan stinga upp höfðinu.

Vel megum vér staldra, um þessi áttundu friðarjól, að virða fyrir oss minnisvarða þá, er vér höfum reist til viðhalds minningunni um þá ungu líkamni, sem nú frjóvga jarðveg Frakklands. Vafi kann að geta verð-um af hinar háu hvatir þessara ungu altaristórna herguðsins. En til einkis hafa þessar ungu hetjur látið líf sitt, nema vér í stein og málm-styttum þessum getum greint hrika-fiskap ófriðarinnar. Ef yfirliðið yfir ófriðinn ekki getur helgað oss þjóðustunni í þarfr bræðralags á jarðríki, þá hefir kenning ófriðarinn farið fram hjá oss á slýslegasta hátt. Það nægir ekki að gráta, með Kristi yfir syndum Jerúsalemsborgar, nema að vér skrásetjum þær syndir; kynnum oss orsakir þeirra,

og með ákveðnum huga setjum oss það takmark að útrýma þeim. —

Sitt af hverju.

Eftir Eyvind.

"Það er vist stór skepa pólitíkin!" sagði karlinn. Hann hélt að það væri hund-tík, og vildi gjarnan fá hvolp undan henni (!) Hugmyndin var ekki svo vitlaus, því pólitíkin hjá okkur hagar sér ekki ólíkt og illa vaninn hundur. — Það er líkast því hún sofi langtínum saman. — Það gera nú raunar hundar ekki, en sum- ar skæpur af líku kyni. — En svo rýkur hún upp með urri og span-góli, svo ekki heyrst mannsins mál, landshorannan á milli. Þá vita allir að kosningar eru í vændum. Þá kem-ur hver sendiherrinn á fætur öðrum út um allar sveitir, með fulla tösku af vindum og flugritum, sem ság er um alt. — Þeir stærri hafa oftast all-góð peningaráð. Fyrir höfðu þeir hressingu með sér, en nú er slíkt ekki leyft. "Svo vottum verði við kom-íð" fremur en að jeta hrossakjöt og bera út börn á Íslandi fyrstu árin eftir kristnitöku. Þeir fara hús úr húsi, smærri spámennirnir, og "telja bændum trú." Þeir stærri halda fundi og flytja þrumandi ræður. Þeir lofa herra sinn og hans flokk á hvert reiði, en telja mönnum trú um að í hinum flokknum séu eintómir þursar og illmenn. Hafi andstæðingar þeirra verið við völd áður, þá er okkur sagt að þeir hafi sviðið öll sinn loforð, og ekkert gert annað en að eyða pening-um, sjálfum sér og vinum sínum til hagsmuna. Blóðin taka í sama streng-inn. Þau hafa ekki annað að flytja en lof og last, að langan tíma fyrir kosningar. Nægar eru þar ráðagerðir um framkvæmdir og umbætur, sem þeirra flokkur muni gera, ef hann kemst til valda, en skrá yfir loforð þau, sem hinn flokkurinn hafi sviðið.

Svona gengur það mánaðartíma fyrir hverjar kosningar. Þessi gaura gangur gerir margan fáfróðan bónda svo ruglaðan, að hann veit ekki hverju trúna skal, og greiðir svo stund um atkvæði hvert á móti því, sem hann mundi hafa gert, hefði hann mátt nota vit sitt í næði. — Svo kem-ur nú kjördagurinn. Þá er uppi fó-ur og fit á öllum, og margir eru sót-ir í bifreiðum, og fluttir á kjörstað-inn með viðhöfn. Þó eru það eink-um þeir, sem hett er við að kyn-ja að falla frá á freistinganna tíma, eða sitja heima. Oftast gengur alt ró-lega á kjördegi. Þar eru settar svo strangar reglur, og margir embætti-smenn, að enginn þorir að þölva nema í hálfum hljóðum. En það fer af þegar kvíða tekur og kosning-

arnar eru um garð gengnar. Þá fara að berast fréttir af öðrum kjör-stöðum gegnum símann. Þá er farið að bölvu upphátt. Næstu daga berast fréttirnar um aðalúrslitin. Þá fyrst fara menn að fá ráðrúm til að hugsa um hvað þeir hafi gjört, og hvers megi vænta af flokknum sem að komst — Svo dættur alt í dúnalög. Enginn sendiherra tal- ar nú lengur til fólksins. Blóðin flytja ofur kurteisar greinir um úr-slitin, og óska þeim til heilla og hamingju sem sigraði.

Svo kemur þögn. Blóðin minn-ast ekki á pólitík framár. Svo kemur þingd samant. Það er getið um þingsetninguna í blóðnum, prentaðir kaflar úr hásetisræðunni; en svo er það ekki meira. Sjaldan er getið um hvaða mál koma fyrir þingið, eða hverjir fylgja þeim fastast, eða hvaða lagabreytingar gjörðar eru. Menn gleyma því öllum þessum fróðleik sem þeim var gefinn — eða seldur — um kosning-arnar.

Þessi þögn varir að mestu leyti í fjögur ár. Það kann að vilja til við hátíðleg tækifæri, að blóðin syngi herra sínum lof, fyrir eitthvert sérstakt þrekvirki, einkum ef það orkar tvmelis hvort það sé landi og lýð til heilla. Líka vill það til að þau hnyta í andstæðingana ef tækifæri gefst. En menn eru litlu að nær; það fer oftast svo að það sem annar kallar svart, það telur hinn hvítt og heilagt.

Af þessu leiðir að við bændurnir eigum óhægt með að átta okkur á pólitíkinni. Við eigum svo litinn kost á að fylgja gangi málaanna milli kjörfunda. Það lítur út fyrir að blóðin og leiðtogarnir vilji hafa okkur sem allra fáfróðasta um þau efni, svo að hægja sé að ljúga okkur fulla um kosningarnar.

Ur þessu gætu blóðin bætt, miklu betur en þau gjöra. Þau gætu flutt þingfréttir um þingtímann, og gefið mönnum kost á að fylgjast með því sem þar gjörist. Öhlutdragar þingfréttir sýndu okkur hverjir af þingmönnum væru þjóðinni þarfast-ir, og hverjar stefnur okkur virtust ádagfaldast. Það væri stór þörf á að auka þekkingu alþýðu á þeim efnum. Þá fyrst geti maður búist við að fá þing sem til þjóðþrifa væri, þegar meiri hluti kjósenda fylgdist með áhugamálum þjóðar-innar. Þá fyrst væri vegur til að menn myndu sér sjálfstæðar skoðanir, og greiddu atkvæði eftir eigin sannfæringu, en ekki eftir inn-blæstri þeirra, sem væru "lagnastir og lýgnastir."

Sambandspingið kemur nú bráðum saman. Þaðan vænta margir stór-tíðinda, og okkur bændum er mik-ill forvitni á að fréttu hvað þær gjörist. Hkr. hefir stundum flutt dælitíð af fregnum þaðan. Láttu þær nú verða ýtarlegar í vetur rit-sjóri göður. Settu heldur til síðu dælitíð af leirburði, þjóðnaðarfrétt-um og ýmsu þesskonar, sem lítið gildi hefur. Við þurfum að vera vel vakandi fram að næstu kos-ningum. —

Úr bænnum.

Síðastliðinn sunnudag komu hing-að til borgarinnar sunnan frá Chica-go nokkrir ungir Íslendingar, sem þar hafa dvalið undanfarið, þar á meðal George Long, Jón Sigurjóns-son og ýmsir fleiri. — Mjnu þeir dvelja hér fram yfir jóln.

Bréf á skrifstofu Heimskringlu eiga:— Miss Elín Thorlacius, Miss Halldóra A. Jóhannesson, Sæunn Bjarnadóttir, Daniel Bjarnason.

Sunnudagsmorguninn 13. þ. m., kl. 10 f. h. lét að heimili sínu í Arnesi Sigurður Sigurbjörnsson, póstmestari. Hann var með fyrstu land-námsmönnum er til Nýja Íslands komu, og gengdi póstmestaraströf-um þar frá því pósthjónusta hófst, til æfíloka. Sigurður heitin var valinkunnur seldarmaður, enda á-valt einn af leiðandi mönnum sveitar-félags síns. Hans mun nánar verða getið síðar, hér í blaðinu.

Mr. Sigurður Anderson frá Piney, Man., ínnköllunarmaður. Heims-kringlu komu hingað til þegarins á mánuðaginn, suögga ferð.

Íslensk kvikmynd.

Hr. Sveinbjörn Ólafsson, háskóla-nemi hefir nýlega fengið sendar kvikmyndir heiman frá Íslandi, er hr. Loftur Guðmundsson hefir tek-ið þar. Hr. Ólafsson ætlar að sýna myndirnar hér á nýársdag, 1. janúar, í Goodtemplarahúsinu, síð-ari hluta dagsins og um kvöldið, og sömuleiðis laugardagskvöldið 2. jan. á sama stað. Myndirnar eru fyrstu kvikmyndir, sem sést hafa hér frá Íslandi. Fer hér á eftir um-getning um þær úr Reykjavíkur blóðnum.

Hr. Loftur Guðmundsson hefir á líðnu ári ferðast um Ísland og tekið kvikmyndir af landi og þjóð, sem nú er verið að sýna í Nýja bíó. Myndin sýnir fyrst höfuðstæðinn, útítt hans og bæjarbrag, þá smáþeina út um land, íslenska náttúruvegur til sveita og upp um fjöll og firnirni, íslenska atvinnuvegi og þjóðhættu, kvenbúninga vora og íslenska kven-fergð. Frá landbúnaðinum eru sýndar myndir af heyyinnu bæði með nýju og gömlu búskaparlagi, slætti með ljá og með vélum, hey-þurkun, heybandi og heylestum, enn-fremur mjóltum á kúm, strokkum, réttarfé og réttarlífi, lambfé af vor-lagi, útskipin á hestum o. s. frv. Hr. L. G. hefir farið út með togurum, bæði á síldveiðar og þorsveiðar og tekið myndir af vinnubrögðum og skipunum, síðan af síldarsöltun, fiskþvotti, fiskþurkun o. s. frs. Loks eru myndir af komu amerískum og ítölsku flugmannanna til Reykjaví-ur í sumar.

Allar eru myndirnar prýðilega teknar, niðurröðun þeirra góð og tekstinn sem fylgir þeim ágætur, skýr, fræðandi og smekklegra gerður. Enginn vafi er á því að þessi mynd verður til þess að vekja athygli á Íslandi víða um heim og hún ber landi og þjóð söguna vel. Unun var að því að sjá áttök og atorku bændafólks og sjómanna við vinnu sína og gat engum dulist að kraftþjóð og manndómsfólk byggir land vort.

Helzt mætti það að myndinni finna, að hún snýr sér of einhlíða að náttúru landsins og atvinnulífi þjóð-arinnar. Vel hefði mátt enda á nokkrum myndum er mintu á æðri menningu vora og andlegt líf, það hefði þrýtt og fullkomnað þann þjóðarsvip, sem myndin annars sýn-ir: Hús Einars Jónssonar, hann sjálfur á vinnustofu sinni, Einar Benediktsson stigur á land í Reykja-vík, Helgi Pétursson á götu, Einar H. Kvaran við skrifborðið, Guðm. Finnþogason talar af þinghússvöl-unum 1. des., Sigurður Nordal flyt-ur fyrirlestur á háskólanum, Bjarni frá Vogu talar á fundi í Neðri deild, Asgrimur eða Kjarval með pent-grind og litakassa á göngu úti á víðavangi. Guðm. Friðjónsson á hlaðinu á Sandi o. s. frv.

En hvað um það — svo langt sem myndin nær er skylt að þakka hr. L. G. fyrir hana og óska þess að hún megi sem víðast um heim fara.